

Reykjavík 11. júní 2015

Meðal verksviða stjórnkerfis- og lýðræðisráðs er að gera tillögur til borgarráðs um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu. Sér í lagi er það meðal verkefna ráðsins samkvæmt starfsáætlun 2015 að móta tillögur til borgarráðs um aukið og skýrara hlutverk hverfisráða innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.

Víða innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar hafa slíkar hugmyndir verið ræddar óformlega, meðal annars í tengslum við þá fyrirhuguðu lögbundna fjölgun borgarfulltrúa úr 15 í að minnsta kosti 23 sem tekur gildi við sveitarstjórnarkosningar 2018. Sem dæmi má nefna fjallaði forsætisnefnd um aðgerðir vegna fjölgunar borgarfulltrúa á starfsdegi þann 13. febrúar 2015 og var þar sú hugmynd viðruð að vel gæti farið á því að nýta þá fjölgun til að skipa hverfisráðin borgarfulltrúum að hluta og kjósa hinn hluta fulltrúanna sem í þeim sitja beinni kosningu meðal íbúa viðkomandi hverfis.

Í því skyni að formfesta hugmyndir um breytingar á hverfisráðum er lagt til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð feli erindreka gagnsæis og samráðs að leita með formlegum hætti álit og umsagna um m.a. eftirfarandi hugmyndir að breytingum:

- Hverfisráðum verði fækkað í sex, eitt fyrir hverja þjónustumiðstöð.
- Fulltrúar verði skipaðir í hverfisráð með þeim hætti að tveir verði kosnir af borgarstjórn en þrír beinni kosningu af íbúum viðkomandi hverfis.
- Hverfisráð kjósi sér sjálf formenn úr hópi þeirra fulltrúa sem í þeim eru.

Einnig skal erindreki gagnsæis og samráðs falast eftir hugmyndum um hvert hlutverk hverfisráðanna innan stjórnsýslunnar ætti að vera, ef eitthvað.

Leita skal samráðs við hverfisráðin sjálf, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva, skrifstofu þjónustu og reksturs, sviðsstjóra, kjörna fulltrúa, íbúasamtök, sem og aðra þá sem hagsmuni hafa af málinu eða þekkingu á því.